
2012 nr. 48 18. júní**Lög um heimild til handa ráðherra f.h.
ríkissjóðs til að fjármagna gerð jarðganga
undir Vaðlaheiði**

Tóku gildi 20. júní 2012. Breytt með l. 62/2017 (tóku gildi 22. júní 2017).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

- Í þeim tilgangi að tengja Eyjafjörð og Fnjóskadal með jarðgöngum um Vaðlaheiði er ráðherra f.h. ríkissjóðs heimilt að undirrita láanasamning við Vaðlaheiðargöng hf. um lán til gangaframkvæmda fyrir allt að [14.400 m.kr.],¹⁾ miðað við

verðlag í lok árs [2016].¹⁾

- Félagið sjálf, eignir þess og tekjustreymi skulu vera fullnægjandi tryggingar fyrir láni skv. 1. mgr.
- Lánsfjárhæð skal greiðast félaginu í samræmi við framvindu verks og í samræmi við láanasamning skv. 1. mgr.
- Gera skal grein fyrir lánsfjárhæð hvers árs í frumvarpi til fjárlaga fyrir það ár.

¹⁾ L. 62/2017, 1. gr.

■ 2. gr.

- Lög nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, skulu gilda varðandi lán samkvæmt lögum þessum að undanskildum ákvæðum 3. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 3. gr. laganna.

■ 3. gr.

- Lög þessi öðlast þegar gildi.